



Umhverfis og samgöngunefnd Alþings

Umsögn Blindrafélagsins um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

Niðurstaða:

Blindrafélagið leggur áherslu á mikilvægi þess að ný lög um leigubifreiðar leiði ekki til lakara þjónustustigs. Enda segir í 1 grein frumvarpsins að markmiðið þessara nýju laga sé að tryggja gott aðgengi að hagkvæmri, skilvirkri og öruggri leigubifreiðapjónustu fyrir neytendur á Íslandi.

Tillaga:

Blindrafélagið leggur til að allir rekstrarleyfishafa séu skráðir á leigubifreiðastöð sem hefur starfsleyfi gefið út af Samgöngustofu.

Greinagerð:

Blindrafélagið varar við því að sú staða verði látin koma upp að svo mikið framboð verði á leigubifreiðum á háannatímum, að það leiði til mikillar fækkunar þeirra sem eru í fullu starfi sem leigubifreiðastjórar þannig að það bitni harkalega á framboði leigubifreiða á virkum dögum, þegar eftirspurnin er mun minni. Þó það sé vissulega neytendum í hag að nægt framboð sé á leigubifreiðum á hagstæðum kjörum þá eru það ekki síður mikilvægir hagsmunir neytenda að nægt framboð sé á leigubílapjónusta alla daga ársins allan sólahringinn. Að láta þessa mikilvægu almanna þjónustu á óheft markaðstorg mun hafa þau áhrif að framboð mun minnka, þjónustustigið lækka og verð munu hækka.

Ferðapjónusta Blindrafélagsins.

Allt frá 1997 hefur Blindrafélagið verið með samning við Reykjavíkurborg annarsvegar og Hreyfil hins vegar um ferðapjónustu við lögblinda Reykvíkinga. Á þeim 22 árum sem liðin eru frá því að þetta samstarf hófs hefur orðið til mikil reynsla og þekking á því hvernig þetta úrræði hefur reynst saman borð við önnur úrræði í ferðapjónustu við fatlað fólk, auk þess sem verkferlar og skráning hefur þróast mikið á þessum árum. Það sem að einkennir ferðapjónusta Blindrafélagsins er að það er þjónustuúrræði sem nýtir leigubílapjónustu sem fyrir er í samfélaginu.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra bera sveitarfélög ábyrgð á að bjóða þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsamgöngur ferðapjónustu sem gerir þeim kleift að stunda atvinnu, nám og tómstundir. Í lögum um málefni fólks með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli litið til alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að, svo sem Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 20. grein samningsins er fjallað um ferlimál einstaklinga og í greininni segir m.a.:



Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðra í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því „að greiða fyrir því að fatlaðir geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, þeim hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi“.

Hver ferð í Ferðapjónustu við fatlað á höfuðborgarsvæðinu kostar að meðaltali um 3.500 krónur fyrir Reykjavíkurborg, í ferðapjónustu Blindrafélagsins kostar hver ferða að jafnaði 2.200 kr. Munurinn er 59%. Ánægja með ferðapjónustu Blindrafélagsins meðal notenda hefur ávalt verið meiri en meðal notenda ferðapjónustu fatlaðra, þrátt fyrir að kostnaðarpátttaka notenda sé mun hærrí í ferðapjónustu Blindrafélagsins þegar kannanir hafa verið gerðar meðal lögblindra einstaklinga þá kemur í ljós að ferðapjónustu Blindrafélagsins er dýrmætasta þjónustuúrræðið sem þeim stendur til boða. Það endurspeglast svo í því að atvinnupátttaka meðal lögblindra einstaklinga er mjög há á Íslandi í alþjóðlegum samanburði.

Lykilinn að þessu farsæla samstarfi milli Blindrafélagsins, Hreyfils og Reykjavíkurborgar liggur meðal annars í því að;

- notendur hafa aðganga að þjónustunni allan sólahringinn í gegnum skiptiborð Hreyfils,
- að ferðir er hægt að panta fyrirvaralaust í þeirri vissu að bíll sé ávalt til staðar,
- að skráning og greiðsla ferða er miðlæg og rafræn,
- að skýrslur um fjölda ferða og kostnað eru aðgengilegar Reykjavíkurborg, sem aðalgreiðanda þjónustunnar, þegar þeirra er óskað.
- notendur geta verið þess fullvissir að bílstjórar í ferðapjónustu Blindrafélagsins hafa gengist undir trúnaðarskyldur gangvart notendum ferðapjónustunnar og að þeir hafa fengið fræðslu frá starfsmanni Blindrafélagsins um nytsöm atriði er varð umgengni við blint og sjónskert fólk.
- að bílstjórar sem verða uppvísir af því að misnota aðstöðu sín verða umsvifalast fjarlægðir úr ferðapjónustu Blindrafélagsins.

Notendur ferðapjónustu Blindrafélagsins hafa mjög ólíkar þarfir og eru mismikið fatlaðir. Þar er ekki eingöngu um að ræða fötlun vegna sjónmissis heldur er einnig um að ræða einstaklinga með samþætta sjón og heyrnarskerðingu og einstaklinga, með geðrænar fatlanir og þroskaskerðingar til viðbótar við sjónmissinn.

Nú er um 600 einstaklinga með þjónustusamning hjá í ferðapjónustu Blindrafélagsins. Á árinu 2019 voru farnar um 50 þúsund ferðir.



Lokaorð:

Blindrafélagið ítrekar mikilvægi þess að ný lög um leigubifreiðar leiði ekki til lakara þjónustustigs. Enda segir í 1 grein frumvarpsins að markmiðið þessara nýju laga sé að tryggja gott aðgengi að hagkvæmri, skilvirkri og öruggri leigubifreiðapjónustu fyrir neytendur á Íslandi.

Reykjavík 8. janúar.2020.

Kristinn Halldór Einarsson
framkvæmdastjóri Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi